



Fréttabréf 7

30. maí 2011

7. tbl. skólaárið 2010 — 2011

**Ágætu foreldrar og forráðamenn
nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi**

Þá er komið að síðasta fréttabréfi þessa skólaárs sem senn er lokið. Sumarfríð framundan. Örfá atriði til áréttingar.

1. Skólaslit

Skólanum verður slitið miðvikudaginn 1. júní n.k. Verða skólaslitin með hefðbundnum hætti, nemendur mæta við skólann kl. 10. Þaðan verður gengið að íþróttasvæðinu þar sem nemendur fara í hópa sem þeir hafa þegar valið sér. Boðið verður upp á grillaðar pylsur í Skallagrímargarðinum. Rétt fyrir kl. 12 fá nemendur svo í hendur vitnisburð vetrarins og lýkur þar með skólaárinu þeirra í þetta skiptið. Niðurstöðu frammistöðumats og námsframvindu í lestri þarf að nálgast í Mentor þar sem það verður ekki prentað út. Útskrift 10. bekkinga fer svo að venju fram í hótelinu kl. 17. Skólabíll fer úr Sandvíkinni kl. 9:40 og til baka kl. 12 frá íþróttamiðstöðinni.

2. Óskilamunir

Töluvert er enn af fatnaði og öðru í skólanum sem nemendur hafa gleymt í vetur, húfur, vettlingar og íþróttaföt. Endilega komið við í skólanum í vikunni og kannið hvort þið kannist við eitthvað.

3. Næsta skólaár

Skólinnverður settur á ný þann 22. ágúst n.k. í íþróttamiðstöðinni. Hefst athöfnin kl. 13. Skóladagatalið fyrir næsta skólaár er að finna á heimasíðunni undir „Upplýsingar“

Starfsfólk skólans óskar nemendum og fjölskyldum þeirra ánægjulegs sumarleyfis og þakkar fyrir samstarfið í vetur.

Með bestu kveðjum

Kristján Gíslason skólastjóri